PRENTLIST OG PASSÍUSÁLMAR

PRINTING AND THE PASSION HYMNS



Hallgrímur Pétursson (1614–1674) er eitt af höfuðskáldum Íslendinga. Auk Passíusálmanna er Hallgrímur einkum þekktur nú á dögum fyrir sálminn „Allt eins og blómstrið eina“, sem sunginn er við margar jarðarfarir á Íslandi, og heilræðavísurnar „Ungum er það allra best“, sem hafa verið í skólaljóðum íslenskra grunnskólabarna áratugum saman.

Passíusálmar Hallgríms Pétursson hafa verið prentaðir 87 sinnum. Fyrsta útgáfa þeirra leit dagsins ljós á Hólum í Hjaltadal árið 1666 og síðast voru þeir prentaðir í Reykjavík árið 2009. Hefur varla nokkurt annað bókmenntaverk verið prentað jafnoft á íslenska tungu. Sálmarnir hafa einnig verið þýddir á fjölda annarra tungumála, m.a. dönsku, færeysku, ensku, norsku, hollensku, ítölsku og þýsku. Hallgrímssálmar, eins og þeir hafa verið kallaðir, eru einnig varðveittir í mörgum handritum.

Sálmarnir eru 50 talsins. Þeir voru ætlaðir til flutnings á föstunni og fram í dymbilviku. Hafa þeir um aldir verið sungnir á heimilum landsins og í kirkjum. Frá árinu 1944 hafa þeir verið lesnir upp í Ríkisútvarpinu á föstunni og undanfarna áratugi hefur sá siður komist á að lesa sálmana upp í kirkjum á föstudaginn langa.

Hver sálmur skiptist í meginatriðum í tvo hluta. Annars vegar texta úr píslarsögu Jesú Krists og hins vegar útleggingu hans. Í mörgum útgáfum, einkum fyrri tíðar, eru þessir hlutar sálmanna aðgreindir með ólíkri leturgerð; stundum er notað feitletur en í öðrum útgáfum mismunandi leturstærð og í enn öðrum er notað skáletur til að skilja á milli texta og útleggingar. Nú á dögum eru þessir hlutar ekki greindir hvor frá öðrum.

Á sýningunni er stiklað á stóru gegnum útgáfusögu Passíusálmanna. Einkum eru sýndar myndir af titilsíðum en einnig bent á ýmislegt sem athyglisvert er við mismunandi útgáfur og prentanir, t.d. leturgerð, uppsetningu sálmanna og þróun titilsíðutexta. Hér til hliðar má hlýða á nokkur sýnishorn úr safni þjóðfræðasviðs Árnastofnunar af söng alþýðufólks á Passíusálmunum.

Sýningin er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Listvinafélags Hallgrímskirkju. Við gerð skýringartexta myndanna var m.a. stuðst við rannsókn Ólafs Pálmasonar bókavarðar á bókfræði Passíusálmanna sem birtist í útgáfu Ögmundar Helgasonar o.fl. á eiginhandarriti skáldsins sem Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn lét prenta árið 1996. Ríkisútvarpið lét fyrir nokkrum árum vinna vef um Passíusálmana í samvinnu við Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn og Árnastofnun. Vefurinn var opnaður 9. febrúar 1998. Þar eru birtar ritgerðir um skáldið og verk þess, sýnishorn af söng sálmanna, upplestri, bókfræði o.fl. Sjá http://servefir.ruv.is/passiusalmar/

Hönnun sýningar og textagerð: Þórunn Sigurðardóttir
Útlitshönnun: Ólafur Engilbertsson, Sögumiðlun ehf
Umsjón með hljóðdæmum: Rósa Þorsteinsdóttir
Ensk þýðing: Margaret Cormack
Sýningarstjóri: Emilía Sigmarsdóttir

Hallgrímur Pétursson (1614–1674) is one of Iceland's most important poets. In addition to his Passion Hymns, Hallgrímur is best known today for the hymn "Like a flower of the field", which is sung at many Icelandic funerals, as well as for his poem "It is best for the young", a piece that has appeared in poetry books for Icelandic elementary school children for decades.

Hallgrímur Pétursson's Passion Hymns have been printed 87 times. The first edition appeared at Hólar in Hjaltadalur in 1666, and the most recent printing was in Reykjavík in 2009. Hardly any other work of Icelandic literature has been printed as often. The hymns have also been translated into many foreign languages, including Danish, Faroese, English, Norwegian, Dutch, Italian, and German. The "Hallgrím hymns", as they have been called, have also been preserved in many Icelandic manuscripts.

The work consists of 50 hymns that were intended to be sung and recited during Lent. For centuries they have been sung in homes and churches throughout Iceland. Since 1944 they have been read out on Icelandic national radio over Lent, and in recent decades it has also become customary to recite the hymns in churches on Good Friday.

Each hymn has two sections: a text taken from the gospel narrative of Christ's crucifixion, followed by an interpretation of that text. In many editions, especially the earlier ones, these two parts are distinguishable by the different fonts (bold, italic, different sizes etc) in which they are printed. This practice has now been discontinued.

In this exhibition we focus on the main elements in the publication history of the Passion Hymns. Particular attention is paid to the title pages, but also to other presentational features of individual editions and printings. It is also possible to listen to extracts from the hymns as sung by Icelanders, in recordings made for the folklore department of The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies.

The exhibition is a collaborative project of the National and University Library of Iceland, The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies and Friends of the Arts Society Hallgrímskirkja. The captions accompanying the pictures are based on research by the scholar and librarian Ólafur Pálmason into the publication history of the Passion Hymns; this was first published, together with the facsimile of the poet's autograph manuscript, in a volume edited by Ögmundur Helgason et al. and published by the National and University Library of Iceland in 1996. The Icelandic national radio, in collaboration with the National and University Library and the Arnamagnæan Institute in Reykjavík, created a webpage dedicated to the Passion Hymns which was opened February 9, 1998. It contains essays about the poet and his work, extracts from the psalms being recited and sung, a history of the work's publication, etc. See http://servefir.ruv.is/passiusalmar/

Handrit Hallgríms Pétursonar að Passíusálmunum
The manuscript of Hallgrímur Pétursson's Passion Hymns



Titilsíða eiginhandarrits Hallgríms Pétursonar að Passíusálmunum (JS 337 4to).
Title page of the manuscript of Hallgrímur Pétursson's Passion Hymns(JS 337 4to).

Frumútgáfa Passíusálma Hallgríms Péturssonar Hólum 1666

First edition of Hallgrímur Pétursson's Passion Hymns (Hólar 1666)



Historia.

Pijnunnar og

Daudans Drottins vors Je

su Christi. Epter Textans einfallde-

re Hliodan/j sio Psalmum yppsetten/

Af S. Gudmunde Erlends

Syne.

Eñ af S. Hallgrijme Pet-

urs Syne/ Stuttlega og einfaldlega

vtlagdd/med sijnum sierlegustu Lærdoms

greinum/ J pijmtenu Psalmavsum/Gude

Kiltjum til Lofs og Dyrder.

1 Cor. 11.

Pier skulud kunngiora Dauda DR-

OTTins/pangad til hañ kiemur.

Pryckt a Hoolum j Hiallta

Dal. Anno 1666.



Epterzylgia þeir Fimmtiu

Passiu Psalmar (S. Hallgrijms Pet

ursſonar) Med Textans Vijs-

ingu og Lærdomum.

I Psalmur.

Vm Christi Vtgaungu j Graſgard

enn. Med Nunna lag.

Upp/upp mijn Sal z alle

mutt gled/ Upp mitt Hiar

ta z Rome med/ Nygur z

Tunga hialpe til/ Nest-

anz Pijnu eg mijnaſt vil.

S. Paull skipar Skylldu þa/ad skul

um vier aller Jordu a/kunngiora þa

Kuol og dapran Deyd/sem Drottin

fyrer oss auma leid.

Liufan Jesum til Laufnar mier/la

ngade þo ad deyia hyer/Mig skylde z

loſta ad minnaſt þeſſ/ mijnum DRO-

TTne til Packlatleſs.

Cv Jſra.

Titilsíða frumútgáfu Passíusálmanna

Frumútgáfa Passíusálmanna er prentuð aftan við píslarsálma sr. Guðmundar Erlendssonar í Felli í Sléttuhlíð ásamt sálminum Allt eins og blómstrið eina. Aftan við sálma Hallgríms í bókinni eru prentaðir tveir nýárssálmar eftir Guðmund. Sami háttur var hafður á við útgáfuna 1682 en sálmar sr. Guðmundar hafa ekki verið prentaðir síðan.

Textinn er settur með svokölluðu brotaletri, stafagerð sem einkennist aðallega af sveigðum dráttum sem enda eins og brotið sé af þeim. Þessi leturgerð var algeng í íslensku prentletri fram á 19. öld.

Title page of the first edition of the Passion Hymns

The first edition of the Passion Hymns, along with the hymn "Like a flower of the field", was printed in a volume that also included the Passion hymns of Rev. Guðmundur Erlendsson of Fell, Sléttuhlíð. Hallgrímur's hymns are followed by two New Year hymns by Guðmundur. The same order of texts was used in the 1682 edition, but Guðmundur's hymns have not been printed since.

The text is set in Gothic type which was used in printing in Iceland into the 19th century.

Yfirskrift Passíusálmanna í frumútgáfu ásamt upphafi sálmanna

Í prentuðum bókum frá 17. og 18. öld voru braglínur bundins máls ekki settar hver fyrir sig eins og venja varð síðar. Oft var sett skástrik til að skilja á milli braglína. Skástrik var einnig stundum notað í stað kommu. Vers eru þó að jafnaði aðgreind hvert frá öðru með línuskilum. Upphafsstafir sálmanna eru stórir og flúraðir í þessari útgáfu, eins og mörgum síðari útgáfum. Neðst í hægra horni er svokallað griporð, sem er hið sama og fyrsta orð á næstu síðu. Hlutverk griporða var að auðvelda bókbindara að raða síðunum saman í rétta röð.

Heading and beginning of the Passion Hymns in the first edition

In printed books from the seventeenth and eighteenth centuries, poetry was normally printed as prose, with an oblique stroke (slash) often used to mark the original division between each poetic line. The same oblique strokes were also sometimes used as commas. Each individual stanza began on a new line. In this edition, and many later ones, the initial letter of each hymn is large and decorated. In the bottom right corner of each page is a "catch-word" that corresponds to the first word on the next page. Their purpose was to help the binder to assemble the pages in the correct order.

Passíusálmarnir í sálmabókum 1671 og 1772

The Passion Hymns in the 1671 and 1722 hymnals




Vm Pijnuna
Höfdingiañ þydde þessa Sion/þar vottar Ræt
lartañ Guds Son.
Fromer Menn komu þa vm Kuelld/ad Ar
osse tóku Jesu Hölld/lögdu j Steinbro Hölld
ed hans/heidarlega sem Tignar Manns/Dyrd
lega smurdi Drottin var/Dagur þrim sydañ
huglde þar.
O Gud vor Fader vier þökkum hier/ þenn
Sonar Pijsl vor Lyngiöst er/Giefe oss leyse ad
Lästum su/leide j Hlydne ast og trew/So hi
er lifum herlaglega/og heidrum þig eilyflega.

Epterþylgia þeir Fimmtiu Passiu Psalmar (S. Hallgrims Pet urssonar) Med Textans Vidtekt gu og Lærdomum.

Fyrste Psalmur.

Vm Christi Vtgaungu j Grafgar denn/ Med Hinna Lag.

Vpp/vpp mijn Sael og alle mier Gied/Vpp
mitt Hiarta og Romur med/ Hugur ok Tu
nga hialpe til/Herrans Pijnu eg miöast vil.
S. Paull skipar skylldu þa/adskullu vier all
er Jördu a/kuligiöra þa Kuöl og daprañ De
yd/sem Drottiñ þyrer oss aum a leid.
Lúpañ Jesum til lausnar mier/langade þo
ad



Paskia Psalmar. 81

Psalmar vt af Pijningar Historiuñi.

I. Psalmur.

Uñ Christi Utgaungu i Gras-Gardiñ.

Med Heimas-Lag.

UPP upp mijn Sael og alle mitt Gied, upp
mitt Hiarta og Romur med, Hugur og
Tunga hialpe til, Herrans Pijnu eg miñ-
ast vil.
Sancti Pauli skipar Skylldu þa/ad skulum vi-
er allir Jordu a, kuningiora þa Kvol og daprann
Dood, sem Drottinn fordi oss aumra leid.
Lúvsann Jesum til Lausnar mier, langadi þo ad
deya hier, mig Fölldi og lysta ad minnast þess, mijn-
um Drottni til Þackleetes.
Jnnra mig tolsins Alvarid Ker, a hvad er lytil
Rækt i mier! JEsus er kvalinn i minn Stad, Of-
sialldann hefi eg minnst a þad.
Sael mijn skodum þa sætu Foorn, sem hefur oss
vid Gud Drottinn vorn, fordæmda aptur fortijk-
ad, Fognudur er ad hugra uñ þad.
Hvad stillir betur Hiartans Bol, enn Heilog
Drottinns Pijna og Kvol? Hvad heptir framar
Hneikslig Synd, enn Herrans JEsu Bloodug
Mynd?

F Hvar

Yfirskrift Passíusálmanna í Sálmabók 1671

Passíusálmarnir voru stundum prentaðir sem hluti af sálmabókum kirkjunnar. Þessi útgáfa sálmanna er samhljóða fyrstu prentun 1666, en hér eru þeir hluti af sálmabók Gísla biskups Þorlákssonar, í kafla sem nefnist „Út af písl og dauða herrans Kristí, sálmar og lofsöngvar“.

Heading of the Passion Hymns in the 1671 hymnal

The Passion Hymns were sometimes printed in church hymnals. This edition is identical to that printed in 1666, but now appears in the hymnal of Bishop Gísli Þorlákssson, in a chapter called “Of the suffering and death of Our Lord Jesus Christ, hymns and songs of praise.”

Yfirskrift Passíusálmanna í Flokkabók 1772

Í sálmabók frá hendi Gísla biskups Magnússonar eru sálmaflokkar hafðir í sérstökum hluta sem nefndur er Flokkabók og einstakir sálmar í öðrum hluta sem nefndur er Höfuðgreinabók af því að sálmum er þar skipað eftir höfuðgreinum efnis.

Heading of the Passion Hymns in the 1772 “Flokkabók”

In the 1772 hymnal edited by Bishop Gísli Magnússon, hymn cycles are placed in a special section called “Flokkabók”. Individual hymns are found in a different section called “Höfuðgreinabók”, because there the hymns are organized according to genre.

Skálholtsútgáfan 1690

1690 Skálholt edition


Píslar Psalltare/
Edur
Historia Pii
nuñar og Daudans DROTT
ens vors JESu Christi.
Miuklega i Psalmviss
ur snæfi/ m3 merkelegre Textans
vtskyringu/ Af
Peim Gudurlega og Gæpuryka
Arfsmanne/
Sal. S. Hallgrime
Peturssyne / þordum Guds Lrds
Pientara ad Saurbæ a Hualfiardar
arstrond.
Nu ſ þiorda sinn a Prent vt
gengenn.
I SKALHOLTE/
Anno Domini 1690.


Minſtu o Madur a miñ Deyd/
Minſtu a mina Særu Neyd/
Minſtu eg hefe einn fyrer þig/
I Daudañ giefed ſialpañ mig.
Pad lattu þier nu vera kient/
Ad þetta hafer þu ei forþient
Af eiſku hef eg þier allt þ veitt/
Eñ ecke þ þui Verid neitt.

Titilsíða Passíusálmanna, Skálholti 1690

Hólaprentsmiðja var starfrækt í Skálholti í biskupstíð Þórðar Þorlákssonar en flutt aftur norður eftir hans dag (Þórður lést 1697). Hér er ártalið neðst á síðunni með latnesku letri: ANNO DOMINI 1690.

Þetta er í fyrsta skipti sem sálmarnir hafa sjálfstætt titilblað. Útgáfan er ekki samhljóða fyrri útgáfum og er talið að Þórður biskup hafi haft annað handrit til hliðsjónar en það sem fyrst var prentað eftir. Hér eru m.a. prentaðir píslarsálmar sr. Jóns Magnússonar í Laufási, samtímamanns skáldsins, aftan við Hallgrímssálma. Þórður lét prenta sálmana aftur árið 1696 og er það fimmta prentun þeirra á 17. öld.

Title page of the Passion Hymns in the 1690 Skálholt edition

The printing press that operated at Skálholt during the episcopate of Þórður Þorlákssson was originally from Hólar, and was returned to the north after his death in 1697. Here the date at the bottom of the page is in the Latin language and Roman type: ANNO DOMINI 1690.

This is the first time the hymns are printed with their own title page. The edition is not identical to earlier ones, and it is thought that Bishop Þórður must have used a different manuscript from the one used in the original printing. Here Hallgrímur's Passion Hymns are followed by those composed by his contemporary Rev. Jón Magnússon of Laufás. Bishop Þórður had the Passion Hymns printed again in 1696, their fifth seventeenth-century printing.

Krossfestingarmynd aftan á titilblaði

Undir myndinni eru tvö vers úr sálmi úr messusöngsbók kirkjunnar (Grallaranum). Í næstu útgáfu Þórðar biskups, Skálholti 1696, er krossfestingarmyndinni sleppt en í stað hennar er prentaður formáli eftir biskupinn, þar sem álit hans og samtímamanna hans á Passíusálmunum birtist.

Crucifixion on the back of the title page of the 1690 Skálholt edition

Under the picture are two verses from a work in the Icelandic hymnal (Graduale). In the next edition, printed at Skálholt in 1696, the crucifixion was omitted and replaced by a preface by the bishop, in which he expresses his own view, and that of his contemporaries, about the importance of the Passion Hymns.

Úr útgáfu Passíusálmanna, Skálholti 1690

From the 1690 Skálholt edition of the Passion Hymns



Psalltare 5

Fader Glæskuñar pleck til þyn/þramar
eñ hier j JESu Pijn?
O JESu giep þiñ Anda mier/alle
so verde til Dyrdar hier/ upprejknad
sunged sagt og tied/sydann þess adrer
niote med.

Textenn

Vid lideñe Malltijd Lopsa-
umgiñ / las fyrum Jesous
JESus miñ/sydasta Kv-
ollded seint þad var/ sungu med
hans Lærisveinar.

Guds Sonur sa sem sasleckr Rad
stalpur ætte a Himne og Land/ vard
sier Braud med þackargiord/þegar hann
umgeckst hier a Jord.

Purpa Madne ert þu mjn Sal
þryggur ad DRottne sierhuxre Mal
Fædu þyna og Foostred alt/pyier þad
hanum þacka skallt.

Illum Præl er þad eilijt Smæ
ep hañ so þryggur Herrans Lau
umbsamlega/ og dreyssar sig/ DRo

A iij



Psalltare 127

Sal hellst þiærdu myna/snyst j Sogn
ud z Seigengraat/þa hr Myskun þqua.
Bid eg mu JESu blyde þig/ sem
Boot mier gigrder vida / lat þingvad
giallda epter mig Jllsku nie Synda
minna/ Amen.

XXXII Psalmur.

Vm Græna og visna Tred.
Med Himna Lag/ edur med þessum
Notum.

F iij Sijgt

Endursögn ritningartexta og útlegging

Í þessari útgáfu er sá hluti sálmanna sem er bein endursögn úr ritningunni aðgreindur frá útleggingu skáldsins á ritningargreininni með stærra letri. Það hafði ekki verið gert í fyrri útgáfum.

Summary and interpretation of the Biblical text

In this edition the parts of the hymns that summarise Biblical texts are separated from the poet's commentary and printed in larger type. This had not been done in earlier editions.

Nótur í Skálholtsútgáfunni

Nótur eru við 1., 32. og 50. sálm í þessari útgáfu en ekki höfðu verið prentaðar nótur í fyrri útgáfum sálmanna. Hér er mynd af nótum við 32. sálm.

Musical notation in the Skálholt edition

In this edition musical notation is provided for Hymns 1, 32, and 50; this is not found in earlier editions. The picture is of Hymn 32.

Titilsíður Passíusálmanna, Hólum 1704 og 1745

Title Pages of the Passion Hymns in the Hólar editions of 1704 and 1745


PSALTERIUM PASSIONALE
Edur
Pijslar-Psal-
TARE
Vt af
Pijnu og Dauda
DRottens vors JEsu CHristi/
Med Lærdooms-fullre Textans
Vtskijringu/
Agiætlega Uppsettur/ Af
Peim Heidurs-verda og Andrijka
Kiesmanne
Sal. S. Hallgrijme Pét
urssyne/
Fordum Sooknar-Prest ad Saur-
Bæ a Hvalfiardar Strönd.
Editio VI.
Prickt a Hoolum i Hialtadal/ Af
MARTEINE ARNODDS
SYNE/Anno. M.DCCIV.


PSALTERIUM PASSIONALE
Edur
Pijslar-Psal-
TARE
Vt Af
PIJNV OG DAVDA
DRottens vors JEsu Christi,
Med Lærdooms-fullre Textans
VTSKIJRINGU,
Agiætlega Uppsettur,
Af
Peim Heidurs-Verda og Andrijka
KIERREMANNE
Sal. S. Hallgrijme Peturs
Syne,
Fordum Sooknar-Prest ad Saur-Bæ
a Hvalfiardar Strond.
Editio 12.
Selst Alment Jijandeli 9. Fiskum.
Prickt a Hoolum i Hialta-Dal, Af
Halldore Eriksyne, Anno 1745.

Titilsíða útgáfunnar 1704

Björn Þorleifsson Hólabiskup sá um þessa útgáfu. Brotið er ögn stærra en á fyrri útgáfum sálmanna og titilblað íburðarmeira. Fyrsti hluti titilsins er nú í fyrsta skipti á latínu og með latínuletri, PSALTERIUM PASSIONALE. Rósabekkur er um titilsíðutextann. Algengt var á fyrri tíð að nefna prentara á titilsíðu. Prentari þessarar útgáfu var Marteinn Arnoddsson, eins og fram kemur neðst á síðunni.

Þessi útgáfa var harðlega gagnrýnd af samtímamönnum Björns biskups, m.a. Árna Magnússyni, prófessor og handritasafnara í Kaupmannahöfn. Björn var einkum gagnrýndur fyrir að víkja við orðum í tveimur versum (18. versi 14. sálms og 12. versi 16. sálms) en einnig fyrir óþarflega margar biblíutilvísanir utanmáls.

Title page of the 1704 edition

Björn Þorleifsson, Bishop of Hólar, was responsible for this edition of the Passion Hymns. The format is slightly larger than in previous editions, and the title page is more impressive. For the first time the opening line of the title is printed in Roman font: PSALTERIUM PASSIONALE. There is a border with a floral pattern around the text. At this time it was customary to name the printer on the title page; the 1704 printer is identified as Marteinn Arnoddsson.

This edition was severely criticized by contemporaries of Bishop Björn, among others Árni Magnússon, an Icelandic professor and collector of manuscripts in Copenhagen. Björn was especially criticized for changing the wording of two verses (the 18th verse of Hymn 14 and the 12th verse of Hymn 16), as well as for the excessive number of biblical references in the margins.

Titilsíða útgáfunnar 1745

Útgáfan er prentuð með nýju letri sem Skúli Magnússon, þáverandi ráðsmaður Hólastóls, lét flytja til prentsmiðjunnar árið 1744, og er mun fallegra en á fyrri prentunum sálmanna. Bókin er prentuð af Halldóri Eiríkssyni prentara.

Þessi útgáfa var prentuð í 1000 eintökum en ekki er vitað hversu mörg eintök voru prentuð af fyrri útgáfum.

Title page of the 1745 edition

This edition features the new fonts that Skúli Magnússon, superintendent of the Hólar see, had imported in 1744. Printed by Halldór Eiríksson it is a much more attractive volume than earlier editions of the psalms.

1000 copies of this edition were printed. The number of copies printed of earlier editions is not known.

Titilsíður Passíusálmanna, Leirárgörðum 1796 og Reykjavík 1884
Title page of the 1796 Leirá edition and the 1884 Reykjavík edition



Fimtógi

Passíu Psálmar,

orktir

af

Sra. Hallgrími Péturssyni.

LANDSBÓKASAFN

Seljast almennt innbundnir 24 skildingum.

Leirárgördum vid Leirá, 1796.

Prentadir ad tilhlutan ens Islendska Lands-uppfradingar Felags, á kostnad Biarna Gottskálkssonar, af Bókprykiara G. J. Schagfiord.



FIMMTÍU

PASSÍU-SÁLMAR,

kveðnir

af

Hallgrími Péturssyni,

sóknarpresti til Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd frá 1651 til 1674.

33. útgáfa.

Reykjavík 1884.

Prentaðir hjá Einari Þórðarsyni, á hans kostnað.

Titilsíða útgáfunnar 1796

Þetta er fyrsta útgáfa af fimm frá hendi Magnúsar Stephensen, dómstjóra landsyfirréttar. Titill sálmanna hefur nú verið styttur umtalsvert, eins og sjá má af myndinni.

Title page of the 1796 edition

This is the first of five editions produced by Magnús Stephensen, Chief Justice of the Icelandic High Court. The title has been shortened significantly, as can be seen from the picture.

Titilsíða útgáfunnar 1884


Brot útgáfunnar er stærra en áður hafði tíðkast á útgáfum sálmanna.

Title page of the 1884 edition

The format of this edition is larger than that of previous editions.

Passíusálmarnir, Reykjavík 1866 og 1957

The Passion Hymns, Reykjavík 1866 and 1957



FIMMTÍU

PASSÍU-SÁLMAR,

KVEÐNIR

AF

HALLGRÍMI PÉTURSSYNI,

SÓKNARPRESTI TIL SAURBÆJAR Á HVALFJARÐ-ARSTRÖND FRÁ 1651 TIL 1674.

30. ÚTGÁFA.

LANDSBÓKASAFN

REYKJAVÍK 1866.

Á KOSTNAÐ PRENTSMIÐJU ÍSLANDS, PRENTAÐIR AF EINARI ÞÓRÐARSYNI.



HALLGRÍMUR PÉTURSSON:

PASSÍUSÁLMAR

64. ÚTGÁFA

MEÐ SKRÁ UM RITNINGARSTAÐI

BÓKAGERÐIN LILJA

REYKJAVÍK 1957

Prentletur í útgáfunni 1866

Þetta er fyrsta prentun sálmanna með latínuletri. Í þessari útgáfu eru hafðir stórir stafir í upphafi hverrar braglínu (svo var einnig í útgáfunni frá 1858) og ritningartexti skilinn frá útleggingu með skáletri.

Fonts in the 1866 edition

This is the first printing of the hymns in Roman font. In this edition (as in that of 1858), large letters mark the beginning of each line of verse, and the biblical text is distinguishable from the commentary by the use of italics.

Spássíugreinar í útgáfunni frá 1957

Í þessari útgáfu eru tilvísanir til ritningarstaða eins og í útgáfu Björns Þorleifssonar frá 1704, en hér eru þær ekki á spássíum heldur í skrá aftan við sálmana (bls. 212–215).

Marginal notes in the 1957 edition

In this edition there are numerous biblical passages cited as in the 1704 edition of Björn Þorleifsson, but here they are listed at the back of the book rather than in the margins.

Passíusálmarnir með upprunalegum lögum

The Passion Hymns with their original melodies



Hallgrímur Pétursson:

Passíusálmar

með fjórum röddum

fyrir

Orgel og Harmonium

Útgefandi: Jónas Jónsson

Reykjavík
Prentsmiðja D. Östlunds
1906—1907



1. sálmur.

Um herrans Kristi útgang í grasgarðinn

Með hymsetning

Fyrst 1555 hjá J. B. Örnard.

Upp, upp, mín sál og allt mitt geð, upp, mitt hjart-

a og sam - ur með; hug - ur og hug - a

hjálp - i til; herr - ans pín - u ég minn - ast vil.

Titilsíða Passíusálmanna, Reykjavík 1906–1907

Í þremur undanfarandi útgáfum sálmanna höfðu verið settir nýir lagboðar við þá, en lagboði er fyrsta braglína þekkts sálms sem vísar í lagið sem sálmurinn sem á eftir fer skal sunginn við. *Passíusálmar með fjórum röddum fyrir Orgel og Harmonium* var gefið út til þess að bregðast við því og reyna að viðhalda gömlum kirkjusöng, eftir því sem útgefandinn, Jónas Jónsson, segir í formála.

Title page of the Passion Hymns (Reykjavík 1906–1907)

In the three previous editions of the hymns, new (as opposed to traditional) melody lines were supplied. *Passion Hymns in four voices for Organ and Harmonium* was published as a reaction to this, in order to preserve the traditional melodic lines, as is made clear in the Introduction by the editor, Jónas Jónsson.

Nótur við 1. sálm Passíusálmanna

Nótur eru við alla sálmana og eru lögin flest hin sömu og skáldið vísar til í eiginhandarriti sínu. Í því eru þó ekki nótur heldur lagboðar, eins og títt var í bókum á fyrri tíð.

Musical notation for the Passion Hymns

Musical notation is provided for all the hymns in this edition and the melodies are mostly those that Hallgrímur Pétursson recommended in his original manuscript. That manuscript, however, did not contain musical notation, but rather melody lines, as was common at that time.

Heildarútgáfa á sálmum og kvæðum eftir Hallgrím Pétursson 1887

Comprehensive 1887 edition of hymns and poems by Hallgrímur Pétursson



Historía

pínunnar og dauðans

drottins vors Jesú Kristi,

með hennar sérlegustu lærdóms áminningar og huggunar greinum, ásamt henum og þakkargjörðum. Í sálmum og söngvísum með fimm tónum samsett og skrifuð

Anno 1659.

Hallgrimur Pétursson p.

1. Korinth. 11.

„Þér skulud kunngjöra dauda drottins þangad til hann kemur".

Wor tonneft du Jeh t
Gott lebet noch.

1*



I. SÁLMUR.

Um herrans Kristi ástgang í grasgarðinn.

Með hyrnalag.

Inuleiðslan.

UPP, upp, mín sál og alt mitt geð,
upp mitt hjarta og rómur með,
hugur og tunga hjálpi til,
herrans pínu ég minnast vil.
2. Sankti Páll skipar skyldu þá,
skulum vér allir jörðu á
kunngjöra þá kvöl og dapran deyð,
sem drottinn fyrir oss auma leið.
3. Ljúfan Jesúm til lausnar mér
langaði víst að deyja hér;
mig skyldi' og lysta' að minnast þess
minum drottni til þakklætess.
4. Innra mig loksins angrið skor,
æ, hvað er lítil rækt í mér;

Titilsíða fyrir Passíusálmunum í útgáfu Gríms Thomsen 1887

Sálmarnir eru hér hluti af heildarútgáfu á ljóðmælum Hallgríms Péturssonar, öðrum en rímum. Hér er í fyrsta skipti fylgt eiginhandarriti skáldsins sem varðveitt er í handritinu JS 337 4to.

Title page in Grímur Thomsen's 1887 edition of the Passion Hymns

Here the hymns are part of a comprehensive edition of all Hallgrímur Pétursson's poetry except for his rímur. Here, for the first time, the text of the original manuscript, JS 337 4to, is followed.

Uppsetning sálmanna í útgáfu Gríms Thomsen 1887


Í útgáfu Gríms Thomsen er hver braglína í fyrsta skipti sér í línu. Áður hafði tíðkast að fylla línur án tillits til bragforms. Upphafsstafir sálmanna eru flúraðir með laufteinungum, eins og algengt var bæði í handritum og prentuðum bókum.


The Passion hymns in Grímur Thomsen's 1887 edition

In this edition, for the first time, each line of poetry is printed on a separate line; it had earlier been customary to print the verse as prose, paying scant attention to the metre. Each poetic line was separated by an oblique stroke. The initial letter of each hymn is decorated with flowers and foliage, as was customary both in manuscripts and printed books.

Úr viðhafnarútgáfu Passíusálmanna, Reykjavík 1960

From the anniversary edition of the Passion Hymns, Reykjavík 1960





Titilsíða viðhafnarútgáfu

Þetta er viðhafnarútgáfa í tilefni af því að 300 ár voru liðin frá því að skáldið sendi nokkrum vinum sínum sálmana í handriti. Bókin er í stóru broti, vers eru ótölusett og prentuð í tveimur dálkum. Útgáfan hefur verið endurprentuð sex sinnum.

Title page of the anniversary edition

This edition was printed to mark the 300th anniversary of the occasion on which the poet sent manuscript copies of the hymns to some of his friends. The book is in large format, the verses are unnumbered and printed in two columns. The edition has been reprinted six times.

Ein af myndum Barböru Árnason í viðhafnarútgáfunni 1960

Með útgáfunni eru 50 teikningar við sálmana eftir listakonuna Barböru Árnason. Þessi mynd er við 38. sálm „Um háðung og brigsl, sem Kristur leið á krossinum".

Illustration by Barbara Árnason from the 1960 edition

The edition contains fifty drawings by the artist Barbara Árnason. This picture illustrates Hymn 38, "On the scorn and mockery that Christ suffered on the Cross".

Latneskar þýðingar á Passíusálmunum

Latin translations of the Passion hymns



BEATI DOMINI

HALLGRIMI PETRÆI

Paſtoris olim in Iſlandia
Eccl. Saurbajenſis

PSALTERIUM PASSIONALE.

(Sive

PSALMI QVINQVAGINTA

DE PASSIONE ET MORTE DOMINI NOSTRI JESU CHRISTI.)

Cum clara & ſimplici Textus Explicatione
& applicatione Islandico Idiomate
devotè adornatum.

Nunc autem

Sub iisdem metris & melodiis
Latine translatum

a COLBENO THORSTENI F.

P. Middalenſis.

HAVNIÆ, 1778.


Typis M. HALLAGERI, auſpiciis & ſumptibus Dni. OLAI STEPHANI, Quadrantum Illaudis Septentrionalis & orientalis Præfecti, editum.

Titilsíða fyrstu útgáfu Passíusálmanna á erlendu máli, Kaupmannahöfn 1778

Sr. Kolbeinn Þorsteinsson þýddi sálmana á latínu. Brot úr eldri þýðingu á latínu eftir Jón biskup Vídalín er þó til en fyrst prentuð í *Biskupasögum Jóns Halldórssonar* I (Reykjavík 1903–1910, bls. 479–490).

Title page of the first foreign language edition of the Passion Hymns, published in Copenhagen in 1778

Rev. Kolbeinn Þorsteinsson translated the Passion hymns into Latin. A fragment of an older translation into Latin by Bishop Jón Vídalín exists, and was first printed in *Biskupasögur Jóns Halldórssonar* I (Reykjavík 1903–1910, pp. 479–490).



QVINQVAGINTA

PSALMI

PASSIONALES

A VIRO PIO ET POETA CELEBERRIMO

DNO *HALLGRIMO PETRÆO*

LINGVA ISLANDICA OLIM COMPOSITI

NUNC VERO TOTIDEM ELEGIIS

QVAM PROXIME FIERI POTUIT

AD VERBA AUCTORIS ACCOMMODATIS

LATINITATE DONATI

PER

H. THEODORÆUM.

HAFNIÆ MDCCLXXXV.

TYPIS AUGUSTI SCHMIDII.

Titilsíða annarrar latneskrar þýðingar, Kaupmannahöfn 1785

Þessi þýðing var gerð af sr. Hjörleifi Þórðarsyni. Ávarp hans til lesenda, „Ad lectores", er prentað fremst og ársett 1784.

Title page of the second Latin translation of the Passion Hymns, published in Copenhagen in 1775

This translation was made by Rev. Hjörleifur Þórðarson. His 1784 address "Ad lectores" [to the readers] is printed at the beginning.

Þýðingar Passíusálmanna á erlend tungumál

Modern foreign language translations of the Passion Hymns



Titilsíða þýskrar þýðingar Passíusálmanna 1974

Hallgrímskirkja gaf sálmana út í þýskri þýðingu Wilhelms Klose árið 1974, með formála eftir Sigurbjörn Einarsson biskup.

Title page of the 1974 German translation of the Passion Hymns

Hallgrímskirkja published the hymns in the German translation of Wilhelm Klose in 1974, with an introduction by Bishop Sigurbjörn Einarsson.



Titilsíða hollenskrar þýðingar Passíusálmanna 1996

Hluti sálmanna kom út í hollenskri þýðingu eftir Johan Klein árið 1996. Þeir komu svo allir út í þýðingu sama manns árið 2007. Ári síðar voru þeir prentaðir með nótum og fylgdi hljómdiskur með orgelleik Davids de Jong.

Title page of the 1996 Dutch translation of the Passion Hymns

Some of the hymns appeared in a Dutch translation by Johan Klein in 1996. He published translations of all the hymns in 2007. A year later these were published with music, accompanied by a CD featuring the organist David de Jong.